

Stjórnarfundur FEBSEL 14.05.2025 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.30.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Inga, Stefán, Helgi, Aðalbjörg og Sigurður.

Dagskrá:

1. Stefna bæjarins fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi.

Drög að stefnu bæjarins fyrir eldri borgara voru samin nú í vor.

2. Teymi á vegum bæjarins til eftirfylgni og upplýsinga um málefni eldri borgara á Seltjarnarnesi.

Teymið var skipað eftir umræður á Öldungaráðsfundi í mars s.l. Það kemur saman annan hvern mánuð. Sólveig Hlín Kristjánsdóttir verkefnastjóri frístunda-og forvarnarstarfs stýrir vinnunni Næsti fundur þess verður 4. júní.

3. Virkniþing í haust.

Virkniþing fyrir alla bæjarbúa verður haldið næsta haust í kirkjunni. Frístunda-og forvarnarstarf bæjarins tók að sér að skipuleggja þingið.

4. Landsfundur.

Landsfundur Landssambands félaga eldri borgara var haldinn 29. apríl s.l. Kristbjörg og Sigríður sátu fundinn fyrir hönd FebSel. Góður andi ríkti á fundinum. Fundargerð fundarins og ályktanir hans er að finna á vefsvæði Landssambandsins.

5. App í síma með afsláttarbókinni.

Viktor Pálmarsson – 1819 upplýsinga-og samskiptafyrirtæki útbjó spara-appið. Það kostar kr. 2900.- á mánuði fyrir félagið. Samþykkt að fá appið. Sigríður tekur að sér að ganga frá því. Kynna þarf appið vel fyrir félagsmönnum. Spurning hvort hætt verði þá með afsláttarbókina sem félagið er með núna.

6. Önnur mál.

- Rætt um „Lífskjarna“ fyrir eldri borgara þar sem íbúðir fyrir aldraða eru staðsettar nálægt þeirri þjónustu sem sérstaklega er ætluð þeim.
Jón G. Sandholt, sem er einn eigenda Skólabrautar 10, hafði samband við Kristbjörgu og vill ræða þann möguleika að koma húsinu í það ástand að það henti eldri bæjarbúum. Hún og Sigríður ætla að funda með honum um málið í næstu viku. FebSel mun ekki verða neins konar aðili að þessu málefni en gæti komið þessum hugmyndum á framfæri við bæinn eða okkar féлага.
- Spurning um að halda opinn fund varðandi Virkniþing í haust.
- Næsti fundur stjórnar verður haldinn í haust.

Fundi slitið kl. 17:55.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari